

Nd.

479. Nefndarálit

[172. mál]

um frv. til l. um byggingasjóð aldraðs fólks.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum. Eru nefndarmenn sammála um, að með frumvarpinu sé stefnt að því að leysa vandamál aldraðs fólks, sem fram að þessu hefur ekki verið sinnt nægilega af hálfu þess opinbera, og vill nefndin mæla með því, að frv. nái fram að ganga.

Hins vegar varð ekki samkomulag í nefndinni um brtt. við frv., og hafa nefndarmenn óbundnar hendur til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Meðal þeirra brtt., sem ræddar voru innan nefndarinnar, var tillaga um að setja inn í frumvarpið ákvæði um lánskjör og lánstíma. Meiri hl. nefndarinnar taldi réttara að svo komnu máli að setja það á vald sjóðsstjórnar og ráðherra að ákveða lánskjörin með reglugerð. Hins vegar er það einróma álit nefndarinnar, að vextir af lánum sjóðsins eigi að vera lágir og lánstími hagstæður lántakendum.

Alþingi, 28. marz 1963.

Gísli Jónsson, Birgir Finnsson, Jón Skaftason.
form. fundaskr., frsm.
Hannibal Valdimarsson. Guðlaugur Gíslason.